# Bréf og skýrslur varðandi brunatjón 1876-1906

Aðfnr. 1506, örk 2

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

# Útskrift úr lögregluþingbók Reykjavíkurkaupstaðar.

———"———

Ár 1906, þ. 3. ágúst var lögreglurjettur Reykjavíkur settur á bæjarþingsstofunni og haldinn af Halldóri bæjarfógeta Daníelssyni með vottum Þ. Björnssyni og Jónasi Jónssyni. Þá var tekið fyrir

Að halda rannsókn út af bruna verksmiðjunnar „Iðunni“ í nótt og gærkveldi.

Í rjettinum mætti að tilhlutun dómarans Helgi Árnason fyrver. afgreiðslumaður verksmiðjunnar „Iðunni“ 31 ára að aldri til heimilis Grettisgötu 49 og var áminntur um sannsögli. Ber hann fram skýrslu á þessa leið:

Í gær, þjóðhátíðardaginn var ekki unnið í „Iðunni“, og kom enginn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þangað af verkamönnunum svo
að honum sje kunnugt frá því
kl. 6 í fyrrakveld, nema vjelarmeist-
aranum Sigurði Árnasyni, sem kom
þangað í gærkveldi til að kljúfa spít-
ur, sem hann ætlaði að nota til að
kveikja upp í vjelinni í morgun. —
Yfirh. var og sjálfur þar niður frá
fyrst í gær frá kl. 12½–2¼ að skrifa;
var hann inni á afgreiðslustofunni;
sem er í miðju húsinu uppi á lopt-
inu að norðanverðu. Allar dyr á
verksmiðjuhúsinu voru lokaðar, og
sá yfirh. ekki neitt, er vekti ept-
irtekt hans. Jón Þórðarson, dyra-
vörður hússins býr í herbergi uppi
á lopti í austurenda hússins; hann
hefur á hendi ræsting hússins og
hafði lykil að dyrunum úr forstof-
unni að austanverðu inn í verk-
smiðjuna. Úr þeirri forstofu er
líka gengið upp í herbergi Jóns. Hann
býr þar með konu sinni, hálfvöxnum
syni þeirra og stúlku, en annað er
þar ekki af fólki, nema ungbarn
stúlkunnar. Yfirheyrði fór alls ekki
með eld, hafði ekki einu sinni eld-
spítur á sjer. Yfirhöfuð er ekki for-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ið með eld í verksmiðjunni; þar eru engir ofnar og engir lampar kveiktir nú um sumartímann. Eldur aðeins kveiktur í vjelarhúsinu til að kinda upp vjelina og uppi í íbúð Jóns Þórðarsonar. Yfirh. kom aptur niður að verksmiðjuhúsinu í gærkveldi um kl. 9; hann sá, að flaggið hafði ekki verið dregið niður og fór til að taka það ofan. Hann gekk inn um dyrnar á vesturgaflinum, þaðan austur eptir húsinu í forstofuna, sem er í því miðju að norðanverðu, opnaði hann, dró niður flaggið og bjó það þar inn. Hann sá ekki neitt tortryggilegt heldur í það skipti; fann enga reykjarlykt, eða nein önnur merki þess, að kveikt hefði verið á neinu; hann fór svo og þegar hann kom heim var kl. 10 mín. yfir 9. Yfirh. veit, að Sigurður Árnason vjelastjóri var niðri í verksmiðjunni á eptir yfirh. og að Jón Þórðarson kom enn seinna heim. Yfirh. kom að brunanum í gærkveldi á 12. tímanum og var húsið þá mest brunnið um

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

smidjunna, enda sögdu þeir, sem fyrst
höfdu komið ad eldinum, hefdi fyrst
brotist út um gluggann sunn-
anvert á midju húsinu. Yfirh.
hefur enga hugmynd um ad brun-
inn geti hafa hlotist af óvarkárni
hans eda annara verkmanna vid
verksmidjuna med eld, en getur
ekki ímyndad sjer annad, en ad
einhver hafi brotist inn í húsid
beinlínis til ad kveikja í því;
getur yfirh. þess, ad lágt var til
gluggans ad verdanverdu og hægt
ad brjóta sig þar inn, án þess
mikid bæri á, þar sem sú hlid-
in viti ad sjónum. Enginn mætti
yfirh. á leidinni kl. 9 þegar hann
fór nidur eptir og sá ekki til manna-
ferda neinstadar þar nálægt. Hann
getur þess ad hann hafi ekki far-
id neitt inn í vinnu- og vjela-
stofurnar í gærkveldi, en gengid
adeins eptir göngunum úr vestur-
endanum, sem liggur beint í
prentstofuna í midju húsinu sunn-
anverdu. Yfirh. hefur enga hug-
mynd, hver kunni ad vera vald-
ur ad brunanum, getur ekki í-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

myndað sjer að neitt af verkafólk-
inu, sem hefur misst atvinnu sína
við brunann, sje á nokkurn hátt
við hann riðinn. Í verksmiðj-
unni unnu 6 konur og 12 karl-
ar, að því er yfirh. minnir. Uppl.
lesið rjett bókað. Vjek frá rjetti.

Í rjettinum mætti að tilhlut-
un dómarans Andreas Bertelsen,
fyrver. forstöðumaður verksmiðjunn-
ar „Iðunn“ síðan 1. þ. m. 30 ára
að aldri og var áminntur um sann-
sögli. — Hann skýrir frá, að hann
eigi heima í Ingólfsstræti í húsi
Halld. Þórðarsonar. Í gærkveldi um
kl. 12 heyrði hann til brunalúðr-
anna og fór þá strax niður að
verksmiðjunni. Það var þá mest
brunnið í miðjunni, virtist auð-
sætt, að eldurinn hefði komið þar
upp. Yfirh. þykir sennilegast, að
hann hafi fyrst kviknað í spuna-
herberginu, sem er að sunnanverðu
næst við skrifstofu yfirh., en hún
er í miðju húsinu. Í spunaherberg-
inu voru nokkrir ullarsekkir, 8-10
af þvegni ull, og er yfirh. viss um,
að eldurinn hafi ekki komið upp

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í reykháfnum þessum við sjálfskveikju, því þeir höfðu verið skoðaðir skömmu áður. Þar á móti hefðu þeir verið mjög móttækilegir fyrir íkveikju. Í verksmiðjunni sjálfri eða vinnustofunum hefur alls ekki verið farið með eld eða ljós síðan vitað tók við stjórn hennar, en eldur var aðeins verið tekinn upp í íbúð dyravarðarins og svo auðvitað í mótorhúsinu þegar vjelin var knúð, en það er auðsætt að eldur hefur ekki kviknað á þessum stöðum, sem báðir voru í og við austurenda hússins, mótorinn í sjerstöku húsi, með því að austurendi verksmiðjunnar brann seinast og vjelarhúsinu varð bjargað, án þess að verulega kviknaði í því.
Yfirh. kom ekki niður í húsið í gær, af því að það var hátíðisdagur; honum er kunnugt, að Helgi Árnason og Sigurður Árnason komu þangað niður eptir í gær, en veit ekki til að annað vinnufólk verksmiðjunnar kæmi þar. Yfirh. hefur talað við Jón Þórarinsson dyravörð og að hans sögn varð hann

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ekki var við neinn eld, þegar hann kom heim í gærkveldi kl. 11. í yfirh. segir að Jón muni hafa verið nokkuð kenndur í gærkveldi; en þó ekki svo að hann muni ekki vel eptir öllu, sem gjörðist. Yfirh. talaði við hann á brunastöðinni í gærkveldi; og í morgun mundi Jón rjett það, sem þeir höfðu talað saman. Í nótt hjerumbil kl. 2 gekk yfirh. með Jes Zimsen konsul og A. Petersen ingeniör inn Laugaveg og mættu þeir þá Samúel Guðmundssyni járnsmið nokkru fyrir austan „Mjölni". Kom hann gangandi eins og ekkert væri um að vera þar austur að og virtist vera nokkuð drukkinn, þó ekki mikið. Yfirh. hefur heyrt að þessi maður hafi áður verið grunaður um eldkveikjur, og því veittu þeir honum eptirtekt, gengu á eptir honum, þangað til hann fór inn til sín í hús við Laugaveg, þar sem hann á heima. Hann virtist og vera að halda eptir þeim, leit við og við aptur fyrir sig til þeirra. Það er skoðun yfirh., að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að eldurinn hafi verið kveiktur
af ásettu ráði í verksmiðjunni af
manni, sem hefur brotist þar
inn um glugga eða laumast
gegnum forstofuna að austan-
verðu, því að lykill að verksmiðj-
unni var vanur að hanga þar
á nagla. Uppl. lesið. Vjek frá
rjetti.

Mætti að tilhlutun dómar-
ans Jón Þórðarson, fyrv. dyravörð-
ur í verksmiðjunni „Iðunni",
48 ára að aldri og var áminntur
um sannsögli. Hann skýrir frá,
að hann hafi verið á þjóðhátíð-
inni seinni hluta dags í gær og
kona hans; hún fór heim á und-
an honum, en hann kom ekki
fyr en kl. 11. Hann var nokkuð
kenndur, en ekki til muna, og veit
og man allt, sem gerðist. Hann
gekk af Hverfisgötu yfir Elsumýr-
arblett niður að „Iðunni"; og
gekk að hliðinu að austanverðu;
það var lokað og lauk kona hans
því upp, þegar hann barði; hún
hafði ekki þorað að láta það standa
opið. Yfirh. sá engan mann á leið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sinni suður að verksmiðjunni eða
því nánd. Hann ~~[illegible]~~ gekk upp
í íbúð sína og mataðist. Konan
sagði þá við hann, að hann mundi
hafa gleymt að taka niður flagg-
ið; fóru þau bæði aptur, gengu í
gegnum þvottaherbergið og vefnaðar-
herbergið inn í ferstofuna í
miðju húsinu norðanverðu. Hann
sá þá að flaggið lá á borði í fer-
stofunni og þóttist vita að Helgi
hefði tekið það niður. Svo fóru
þau upp aptur, án þess að verða
neins vör, og háttuðu, en höfðu
legið skamma stund þegar yfirm.
þóttist verða var við megnan við-
arreyk; hljóp hann á fætur og út
í eldhús til að vita, hvort lykt-
in kæmi þaðan, en þar var
ekkert um að vera. Svo fór hann
niður í stigann og sá þá, að
þvottastofan var öll í einum reyk-
jarkófi. Hann kallaði þá í fólkið
og sagði því að forða sjer út án
þess að hugsa um að bjarga
neinu af munum sínum. Það
kom mikið fát á yfirheyrðu
og í einhverju hræðslufumi braut

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

braut hann út glugga á þvotta-
stofunni lítillega í því skyni að
koma fólkinu þar út, sem þó
ekki var nauðsynlegt með því
að óhindraður gangur var út um
austurdyrnar, enda fór fólkið þar
út, en enginn gat yfirl. bjargað af
munum sínum. Úr þvotta-
stofunni sá yfirl. gegnum reyk-
inn, að eldurinn var kominn í
skrifstofu forstöðumannsins, sem
er í miðju húsinu sunnanverðu,
og sýndist hafa farið þaðan úr
spunastofunni næst fyrir vestan,
en eldurinn ~~f~~ var þá ekki enn kom-
inn í vefnaðarherbergið næst fyr-
ir austan skrifstofuna. Þegar yf-
irl. hafði látið fólkið fara út,
hljóp hann af stað og hóf kall
um brunann, náði fyrst í tvo drengi,
sem hann beiddi að kalla sem
best þeir gætu, sjálfur var hann þá
orðinn svo af sér genginn af geðs-
hræringu, að hann gat ekki kall-
að meir. Yfirl. getur þess, að
hann hafi ekki litið á klukkuna,
þegar hann kom heim af þjóð-
hátíðinni, en getið sér til eptir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

birtunni, að hún væri frá H. Þegar
hann fór niður að taka ofan flagg-
ið tók hann ekki eptir, að neinn
rúða væri brotin í húsinu þar
sem hann gekk um. Rjett eptir
að yfirh. kom út og fólk hans,
braut eldurinn út um glugg-
ana í spunastofunni og álítur
vitnið því, að hann hafi kvikn-
að þar. Yfirh. varð var við, að
Helgi Árnason kom niður í
verksmiðjuna í gær og var þar
um tíma, áður en yfirh. fór á
þjóðhátíðina, en ekki sá hann
eða heyrði, að neitt af vinnu-
fólki verksmiðjunnar kæmi þang-
að í gær, ekki heldur vjelastjór-
inn Sigurður Árnason, en hann
muni þó hafa komið meðan
yfirh. var heima. Yfirh. segir að
Jóhannes í Skáholti hafi sagt
sjer, að hann hafi sjeð til yfirh.
í gærkveldi, þegar yfirh. gekk ofan
að verksmiðjunni, en Jóhannes
hafi komið ríðandi innan þjóð-
veginn. Fólkið á heimili yfirh.
var auk þeirra hjónanna, stúlka
með barni og sonur þeirra hálf-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vaxinn. Loksins getur vitnið þess.
að eldurinn hafi mjög skyndilega
læst sig eptir húsinu eptir að hann
hafði brotist út og þykir vitninu
það eðlilegt, því að húsið var mjög
þurrt og allt hafði verið bert á
vjelarnar og einkum í ullina í
spunastofunni, svo hún hafi verið
mjög eldfim. Eigi var farið með
neinn eld eða ljós í verksmiðjunni,
síðan hætt var að kveikja við vinn-
una, og yfirlr. fortekur það, að
hann eða kona hans hafi haft eld-
spítur með sjer, eða kveikt á þeim,
þegar þau fóru niður að taka flagg-
ið. — Yfirlr. segist ekki geta
hugsað sjer að eldurinn hafi
komið við óvarkárni, og hann
getur ekki ímyndað sjer, að eld-
urinn hafi komið upp á þeim
stað, sem hann kviknaði í vest-
anverðu húsinu, þar sem engin
eldsvon var eða umgangur var í
gær, öðruvísi en af mannavöldum
og með vilja kveiktur. Uppl. staðf-
Rannsókninni frestað.

Rjetti slitið.

Halldór Daníelsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þ. Bjërnsson
Jónas Jónasson.

Ár 1906 þ. 4. ágúst var lögregluréttur Reykjavíkur settur á bæjarþingsstofunni og haldinn af Halldóri Daníelssyni bæjarfógeta með vottum Þ. Björnssyni og Páli Árnasyni. Þá var tekið fyrir

Að halda áfram rannsókninni hér að ofan. —

Í rjettinum mætti að tilhlutun dómarans Sigurður Árnason, Hverfisgötu 46. 28 ára að aldri og var áminntur um sannsögli. Ber hann fram svolátandi skýrslu: Hann hafði á hendi að kveikja upp í gufuvjel verksmiðjunnar „Iðunni" og hirða hana að öðru leyti. Í fyrra kveld kl. nál. 9½ fór hann niður í verksmiðjuna til að kljúfa niður spítur, sem hann ætlaði að kveikja upp með í vjelinni daginn eptir. Hann fór á reiðhjóli um Hverfisgötuna og niður götuna fyrir austan verksmiðjuna; fór hann

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

inn í portið að austanverðu, tók
þar spíturnar, gekk svo inní mask-
ínuhúsið um dyrnar úr austur-
enda vinnuhússins; á því húsi
voru aðrar dyr beint út í portið, lok-
aðar að innan; opnaði yfirl. þær,
bar spíturnar inní húsið, lokaði dyr-
unum utan að innan og fór apt-
ur út um hinar dyrnar, sem
ganga frá vjelarhúsinu inn í aust-
urenda verksmiðjuhússins þar sem
þvottastofan er. Yfirl. sá ekkert
eptirtektavert í þvottahúsinu eða
verksmiðjunni yfir höfuð. Hann
gekk ekki kringum húsið, og varð
ekki var við, að neinn maður
væri þar nálægt eða inni í
húsinu; hann tók ekki eptir
því hvort flaggið var tekið af-
an; hann fór sömu leið aptur
heim til sín og var kl. 9¾ þeg-
ar hann kom heim. Ekki
man hann það, að hann sæi,
eða mætti neinum manni á
leiðinni til eða frá verksmiðj-
unni, en segir þó, að verið geti,
að einhver ~~jir~~ hafi verið þar á
ferðinni, þó hann veitti því ekki

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eptirtekt, einkum af því hann var
í reiðhjóli. Kl. 11¾ heyrði hann
brunakallið, klæddi sig strax og
fór niður að verksmiðjunni; þá
hafði loginn brotist út um 2 glugga
á suðurhlið verksmiðjunnar niðri,
og voru það gluggarnir í spuna-
stofunni; annaðhvort báðir eða
annar þeirra og gluggarnir í kont-
órinum næst fyrir austan. Jón Pét-
ursson sá yfirl. þar, og var hann
að brjóta glugga í þvottastofunni
í horninu næst vjelahúsinu, og
hjelt vitnið, að hann ætlaði að
koma fólkinu þar út eða ná
út munum um gluggann.
Annars veit yfirl. ekkert um
orsakir brunans. — Uppl. staðf.
Vjek frá rjetti.

Mætti að tilhlutun dómar-
ans sem vitni Jes Zimsen kon-
súll 29 ára að aldri og var á-
minntur um sannsögli. Hann
skýrir frá, að í fyrri nótt, er hann
var staddur á brunastaðnum
hafi A. Petersen ingeniör talað
um það við sig, að hann
hefði þá um kvöldið fyrir brunann

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sjeð mann á veginum í Rauðar-
árholtinu fyrir sunnan hús hans,
og þótti maðurinn tortryggileg-
ur og fannst undarlegt að hann
var á ferðinni á þeim stað um
það leyti dags. Einnig hafði Pet-
ersen verið sagt, að einhver mað-
ur væri niður við Markúsarstöng-
ina í Rauðarármýri og hefði
verið þar um tíma neðan á
brennanum stað. Þeim kom sam-
an um að ganga inn Laugaveg og
vita, hvort þeir sæu mann þenna
og var Bertelsen verksmiðjustjóri
með þeim. Þegar þeir komu upp
á veginn sáu þeir engan mann
hjá Markúsarstönginni, en skammt
fyrir innan Mjölnishúsin ná-
lægt húsi Brynjólfs Jónssonar mættu
þeir Samúel Guðmundssyni járn-
smið; kom hann þar innan veg-
inn, en hvort hann hafi komið
neðan úr mýrinni, þar sem
Markúsarstöngin er, ~~upp~~ upp á
veginn, eða hann hafi komið lengr-
a að austan eptir veginum, sá
vitnið ekki, því að leyti var
þar á veginum svo að þeir sáu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ekki Samúel fyr en hann var
allnærri þeim. Hann gekk fram-
hjá þeim, án þess að heilsa, en
þeir sneru við og gengu eptir hon-
um og sáu til hans þangað til
hann var kominn heim til sín
í húsið 27. við Laugaveg; hann
talaði ekki við neinn á leiðinni
og sneri sjer við af og til og gætti
í kringum sig; hann leit ekki
niður þangað sem eldurinn var
og virtist ekki gefa brunanum
neinn gaum. Vitnið er umboðs-
maður brunabótafjelagsins „Neder-
landene"; í því fjelagi og „Nor-
disk Brandforsikring" voru allar
vjelar, verkfæri, unnin efni og
annað lausafje verksmiðjunnar
vátryggt að c. 2/3 hlutum, en
1/3 hluta hafði verksmiðjan enga
vátryggingu fyrir. Ábyrgðar upp-
hæðirnar eru nú að svo stöddu
reiknaðar þannig, að 27500 kr.
lenda á hvoru fjelaginu um sig,
en 27000 kr. á verksmiðjunni sjálfri.
Uppl. staðf. Vjek frá rjetti.

Mætti að tilhlutun dómarans
sem vitni Aage Laurits Petersen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ingeniör 26 ára að aldri, búandi við Laugaveg 108, og var áminntur um sannsögli. Hann skýrir frá, að í fyrra kveld um kl. 10 hafi hann gengið um Hverfisgötu á leið heim til sín; sá hann þá mann sunnan við skúrana, sem eru í brekkunni milli Laugavegar og Rauðarárstígs, og gekk hann austur Rauðarárholtið fyrir sunnan hús Stefáns B. Jónssonar. Vitninu þótti undarlegt þetta ferðalag mannsins og veitti honum eptirtekt, og maðurinn virtist einnig vera að gá að ferðum vitnisins, því hann nam staðar og leit í átt til vitnisins. Vitnið gekk svo heim til sín og upp á hæsta hólinn í túninu við húsið og sá þá enn, að maðurinn stóð þar í holtinu sunnan við túngirðinguna. Vitnið gekk svo heim að húsinu og lét sem það tæki ekki frekar eptir manninum, en hann stóð kyrr í sama stað, og af því að vitninu þótti maðurinn tortryggilegur gekk það í áttina til hans, en þá fór

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hann af stad og hvarf vitninu fyr-
um austur fyrir Mjölnishúsin.
Madur þessi var í medallagi hár,
fremur þrekinn, med dökkleitt
yfirskegg og móraudan hatt á
höfdi; nánar getur vitnid eigi lýst
manninum eda búningi hans,
þad var ordid skuggsýnt svo ad
sást ekki glöggt. Um nóttina ept-
ir brunann gekk vitnid med þeim
Linnsen og Bertelsen inn Lauga-
veg til ad grennslast eptir manni,
sem hafdi átt ad sjást inni vid
Markúsartúnguna medan á brun-
anum stód; þeir mættu þá Sam-
úel Gudmundssyni á Laugaveg-
inum, en vitnid veit ekki hvort
hann var nidur vid Markúsar-
túnguna. Vitnid skýrir ad ödru
leyti eins frá um eptirför þeirra
eptir Samúel eins og vitnid næst
á undan. Madurinn sem vitnid
sá í Raudarárholti var ekki ó-
svipadur Samúel ad því leyti sem
vitnid gat sjed, en ~~sá~~ virtist þó
vera fult eins gildur, og hann hafdi
móraudan hatt, en Samúel hafdi
húfu. Uppl. stadf. Vjek frá rjetti.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mætti að tilhlutun dómarans
María Jónsdóttir kona Jóns Þórðar-
sonar fyrverandi dyravarðar við
„Iðunni" 52 ára að aldri og var
áminnt um sannsögli. Hún skýr-
ir frá, að þau hjónin hafi verið
heima í íbúð sinni í verksmiðj-
unni fyrri hluta þjóðhátíðar-
dagsins og sömuleiðis stúlkan og
drengur þeirra. En eptir miðjan
dag fóru þau hjónin á þjóðhá-
tíðina og var yfirh. þar þangað
til kl. rúml. 6 þá fór hún heim,
en stúlkan sem var heima með
drengnum, fór inn að Rauðará að
mjólka þar kýr. Kl. 8 fór stúlk-
an og drengurinn á þjóðhátíð-
ina, en yfirh. var ein heima með
ungbarn. Þau komu aptur kl. langt
gengin 11 og Jón kom rjett á eptir
þeim, höfðu þau labbað af því að
þau hugðu Jón kominn heim.
Yfirh. minnti hann á, að hann
ætti eptir að taka ofan flaggið,
og fóru þau bæði niður í forstof-
una til hans, en þá var búið að
taka flaggið ofan og lá það á
kassa í forstofunni. Vitnið sá ekki-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ert athugavert nidri í verksmidj-
unni og fóru þau upp og háttudu.
Þá var kl. 11. Þau voru ekki kom-
in í svefn þegar þau fundu, ad
reykur var ad koma inn í her-
bergid og byggur yfirh. ad kl.
hafi verid um 11½; þá fóru þau
strax á fætur og flýttu sjer út
hálfnakin því ad reykurinn
vard þá svo magnadur. Yfirh.
veit ekki til ad neitt af verk-
smidjufólkinu kæmi þangad nid-
ur, um daginn nema Helgi
Árnason og Sigurdur Árnason
vjelastjórinn og engan mann vard
hún vör vid þar í nánd vid hús-
id allan daginn. — Uppl. stadf.
Vjek frá rjetti.

Mætti í rjettinum Fridrika Ste-
fánsdóttir 28 ára ad aldri, vinnukona
Jóns Þórdarsonar, og var áminnt um
sannsögli. Hún skýrir frá, ad hún
hafi verid í vinnu þjódhátídardag-
inn til kl. 2½; þá kom hún
heim, en hjónin fóru á þjódhátíd-
ina. Um kl. 6 fór yfirh. inn ad
Raudará ad vinna þar verk, sem
hún hefur á hendi; en drengurinn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

var heima hjá barninu. Kl. um 8 kom hún heim aptur og fór svo með drengnum válegt kl. 9 á pjóðbátitima. Þau komu aptur á 11. tímanum og Jón rjett á eptir þeim. Þau mættu engum og sáu enga mannaferð í námd við verksmiðjuna þegar þau fóru eða komu. Þau róttu vatn í brunninum sunnan við húsið áður en þau háttuðu og leit vitnið þá í gluggana á prjónastofunni og vefnaðarstofunni og var þar ekkert að sjá. Um kl. 11 voru allir háttaðir á heimilinu. Yfirb. var við það að rapa þegar þau fundu reykinn; þá var kl. um 11½. Yfirb. varð þess ekki vör að neinir af verkamönnum verksmiðjunnar kæmu þangað í fyrradag. Uppl. staðf. Vjek frá rjetti.

Mætti að tilhlutun dómarans Ámundínus sonur Jón Þórðarsonar 19 ára að aldri og var áminntur um sannsögli. Hann skýrir frá að hann hafi verið heima í fyrradag allan daginn þangað til válega kl. 9 um kvöldið, þá fór hann með Friðriku á pjóðbátitíma.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þaðan voru þau komin heim og háttuð kl. 11. ~~xxx~~ Áður en þau háttuðu sóttu þau vatn í brunninum við húsið; þar sáu þau ekkert athugavert, engan sáu þau í nánd við verksmiðjuna, þegar þau fóru eða komu. Yfirh. varð ekki var við, að neitt af verkfólki verksmiðjunnar kæmi þangað undir eftir um daginn. Yfirh. var að sofna, þegar reykurinn fór að koma í svefnherbergið. Hann veit ekki nákvæml. hvað kl. var þá. Uppl. staðf.

Rannsókninni frestað.

Rjetti slitið.

Halldór Daníelsson

Þ. Bjarnason
Páll Árnason.

Ár 1906 þ. 9. ág. kl. 4 síðd. var lögreglurjettur Reykjavíkur settur á bæjarþingsstofunni og haldinn af bæjarfógeta Halldóri Daníelssyni með vottum Halldóri Stefánssyni og Ólafi Jónssyni. Þá var tekið fyr-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ir

Að halda áfram samningnum viðvíkjandi brann á verksmiðjunni „Iðunni“.

Mætti sem vitni í rjettinum Chr. Zimsen konsúll 65 ára að aldri og var áminntur um sannsögli, ber fram svolátandi skýrslu undir eiðstilboði: Vitnið er í stjórn hlutafjelagsins „Iðunn“ og hefur haft á hendi eptirlit með reikningshaldi og bókfærslu reikningshaldara fjelagsins Helga Árnasonar, sem einnig hefur annast innheimtu á reikningum eða útistandandi skuldum fjelagsins og yfir höfuð öll gjaldkerastörf, sem snerta rekstur verksmiðjunnar, en þannig, að hann hefur skilað vitninu afganginum og því, sem ekki hefur þurft til rekstursins í bráð, og aptur fengið hjá vitninu peninga þegar hann þraut. Vitnið hefur fylgt með bókhaldi Helga og reikningsfærslu og álítur að það hafi verið í venjulegu lagi hjá honum eða óat-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

firmanl. af hendi leyst. Um út-
mitu mánaðamót hafði Helgi
fengið 600 kr. hjá vitninu til
þess að borga verkefni og vinnu-
laun og er vitninu kunnugt
um, að sú upphæð hefur gengið
til þess og að sögn Helga var
lítið sem ekkert af peningunum
í sjóði þegar verksmiðjan brann,
enda álítur vitnið það senni-
legt að svo hafi verið, því ekk-
ert verulegt hafði goldist inn
þetta síðustu vikur. Í júlímán-
uði síðastliðnum leit vitnið
í höfuðbók hjá Helga og sá, að
reglulega var innfært í bókina
og sömul. í dagbókina. Vitnið
skýrir frá, að allar bækur verk-
smiðjunnar, sem Helgi hafði und-
ir höndum, hafi farið í brun-
anum; hafði hann gleymt að
leggja þær niður í járnkassa,
sem til þess var ætlaður og hann
var vanur að geyma þær í; að
sögn Helga hafði hann verið að
skrifa þjóðhátíðardaginn og hafði
hann haft bækurnar við á skrif-
stofunni og gengið þar frá þeim

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

án þess að leggja þær í kassann eins
og hann var vanur, en kassinn var
geymdur í herbergi í austurenda húss-
ins nálægt íbúð Jóns Þórðarsonar.
Vitnið hefur engan grun og segist
enga ástæðu hafa til að gruna, að
Helgi sje neitt viðriðinn brun-
ann fyrir þá sök, að hann hefði
þurft að leyna bókfærslu sinni eða
gjaldheimtu. Vjelar verksmiðjunn-
ar, efni unnið og óunnið og aðr-
ir innanstokksmunir voru virt-
ir á 82000 kr. Þar af voru hjer-
umbil 2/3 eða 55000 kr. vá-
tryggðar hjá brunabótafjelaginu
„Nederlandene" og „Nordisk Brand-
forsikring" að helmingi hjá hver-
unu, en 27000 kr. af virðingar-
verðinu var óvátryggt af því að
fjelögin gerðu það að skilyrði, að
verksmiðjan væri sinn eiginn vá-
tryggjandi að þriðja partinum.
Vitnið veit ekki til, að það hafi
komið fyrir nokkru sinni áður,
að eldur hafi kviknað þar í verk-
smiðjunni. Uppl. staðf. Vjekk
frá rjetti.
Mætti ~~[illegible]~~ í rjettinum slökkvi-

lidsstjóri Hannes Hafliðason 51 árs
ad aldri og var áminntur um sann-
sögli. Hann skýrir frá, ad hann
hafi komid ad brunanum nál. kl.
11½. hann var, ásamt mörgum
ödrum staddur á hátídarsvædinu
á Landakoti, þegar brunans vard
fyrst vart og sá þadan reykjar-
mökkinn og fór þá strax á bruna-
stadinn og ljet færa þangad slökkvi-
tólin. Eldurinn var þá, þegar hann
kom ad, kominn upp úr þakinu,
og út um gluggana á midju hús-
inu sunnanverdu; hann leit
snöggvast nordur fyrir húsid og sá
þar engan eld, en eldurinn hafdi
læst sig eptir þakskegginu á sudur-
hlid hússins beggja megin út frá
midjunni og var bálid ordid svo
mikid, ad ekki var vidlit ad slökkva
þad. Hann álítur vafalaust, ad eld-
urinn hafi kviknad fyrst í midju
húsinu sunnanverdu, í kontór-
unum, eda næsta herbergi vid. Vitn-
id svipadist adeins nordur fyrir
húsid og athugadi ekki nánar,
hvort rúdur væru heilar í þeirri
hlid hússins. Þad reyndist ómögu-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

legt að bjarga verksmiðjunni hjálpi og varð aðeins varið vjelahúsið við austurenda hennar og geymsluhúsið skömmu fyrir neðan hana. Um orsakir brunans hefur vitneskja ekki orðið neins vör og getur því enga skýrslu gefið um þær. Verksmiðjan brann niður á rúmum klukkutíma; hún var öll úr timbri og viðurinn í henni mjög þur. —
Uppl. staðf. Vjek frá rjetti.

Mætti í rjettinum Helgi Árnason verkstjóri í verksmiðjunni "Iðunni" sem áður hefur verið yfirheyrður við þetta rannsókn og var áminntur um sannsögli. Hann skýrir frá, að bækur allar tilheyrandi verksmiðjunni, sem hann hafði í sinum vörslum, hafi farist í brunanum. Hann gleymdi að leggja þær í járnskápinn, sem þær áttu að geymast í og sem var í herbergi í austurenda hússins uppi á lopti. Hann var, eins og hann hefur áður skýrt frá, að fara inn bækurnar á þjóðhátíðardaginn frá kl. 12½ til 2¼ reikninga, sem áttu að fara með

„Hólum" daginn eptir. Í skrifstof-
unni hafði hann lítinn peninga-
kassa, en í honum var aðeins ein
króna í eineyringum; í skrif-
~~stofu~~ borðsskúffunni voru á að
giska 15 krónur í smápening-
um, en aðrir peningar voru þar
eigi. Yfirh. var ætíð vanur að
fara með bækurnar á kvöldin, áð-
ur en hann fór úr verksmiðjunni,
yfir á herbergið, þar sem járnkass-
inn var og loka þær þar nið-
ur og var þetta í fyrsta skipti
sem hann hefur gleymt því. Yfirh.
segir að ekkert hafi verið að sjá
athugavert í vesturhelmingi verk-
smiðjunnar þegar hann kom þang-
að, um kvöldið kl. 9. Hann gekk
þá, eins og hann hefur áður borið
um, um vesturendann og gegnum
vinnustofuna þar sem spunavjel-
arnar voru á aðra hönd með norð-
urhliðinni og kembingarvjelar og
tvinningarvjel hinumegin með
suðurhliðinni; tvinningarvjelin
næst skrifstofunni, sem er í
miðju húsins sunnanverðu, en
hún var læst og úr yfirh. ekki

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

inn í hana. Yfirh. getur því fullyrt, að ekki væri neinn eldur eða eldkveikja í þeim hluta verksmiðjunnar, er hann gekk um kl. 9 um kvöldið og honum þykir ólíklegt, að eldur hafi þá verið kviknaður í skrifstofunni, þar sem eldsins varð ekki vart fyr en kl. milli 11 og 12. Yfirh. reykir ekki og fór ekki með neinar eldspítur í verksmiðjunni hvorugt skiptið sem hann var þar. Yfirh. er viss um, að hann lokaði verksmiðjunni eptir sjer í bæði skiptin þegar hann fór og að allar rúður væru heilar í vesturhelmingi verksmiðjunnar um kveldið kl. 9 og allir gluggarnir lokaðir, að því er yfirh. þykist mega fullyrða. Uppl. staðf. Vjek frá rjetti.

Mætti í rjettinum sem vitni Bjarnhjeðinn Þorsteinsson, fyrverandi verkamaður í Iðunni 48 ára að aldri og var áminntur um sannsögli. Hann skýrir frá, að hann hafi ekki komið inn í verksmiðjuna, þjóðhátíðardaginn og hann hafi ekki orðið var við

að neitt af verkafólkinu þeirri þang-
að niðureptir sama dag, en þeir
Helgi Árnason og Sig. Árnason
hafa sagt vitninu, að þeir hafi
komið þar þá um daginn, en
vitnið hefur ekki heyrt annað af
verkafólkinu hafa orð á því, að það
hafi komið þar; en andvitað hafi
Jón Þórðarson, dyravörður, og heim-
ilismenn hans verið þar lengur
eða skemur um daginn; með
eld eða ljós var ekki farið í verk-
smiðjunni nema þegar vjelin var
kynnt og svo í íbúð Jóns Þórðarson-
ar í austurenda hússins. Verka-
fólkið fór úr verksmiðjunni á veg
ul. heim kl. 6 úrdegis á mið-
vikudaginn. Vitnið á heima á
Grettisgötu 8 og var háttaður og
sofnaður þegar farið var að þeyta
lúðrana, og þegar hann kom á
brunastaðinn kl. rúml. 12 á að
giska stóð verksmiðjan í björtu
báli. Hann reyndi til að ná bók-
um, er hann átti í litargeymslu-
herberginu í austurenda hússins,
en varð að hverfa frá aftur. Vitn-
ið getur engar upplýsingar gefið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um upptök eldsins. – Uppl. stadf.
V.jek frá rjetti.

Rannsókninni frestad.

Rjetti slitid.

Halldór Daníelsson

Halldór Stefánsson

Ólafur Jónsson.

Ár 1906 þ. 13. ágúst var lögreglu-rjettur Reykjavíkur settur á bæjar-þingstofunni og haldinn af hin-um reglulega dómara bæjarfó-geta Halldóri Daníelssyni med vott-um Halldóri Stefánssyni og Jónasi Jónassyni. Þá var

1º haldid áfram rannsókn-inni af bruna klædaverk-smidjunnar „Idunn".

Í rjettinum mætti samkvæmt fyr-irkalli Samúel Gudmundsson járn-smidur til heimilis Laugav. 27 – 45 ára ad aldri og var alvarlega á-minntur um sannsögli. Yfirh. ber fram á þessa leid: Hann seg-ist hafa verid háttadur og sofn-adur fimmtudagskvöldid 2. þ.m. þegar eldur kom upp í „Idunni".

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hann segist hafa vaknad vid bruna-
kallid, farid á fætur og gengid
nidur eptir áleidis á brunastad-
inn, en ekki alla leid; segir hann
ad med sjer hafi gengid kona Gunn-
ars Gunnarssonar trjesmids, son-
ur hans og vinnukona. Yfirh.
segist ekki hafa farid alla leid af
því hann hafi verid lasinn, en
horfid aptur eptir stutta stund,
ekki lengri en 5 minutur, eptir
ad hann hafdi litid á eldsbrun-
ann álengdar; svo fór hann rak-
leitt heim og svaf í rúmi sínu
alla nóttina. Á leidinni segist
hann hafa mætt Gudrúnu Jóns
dóttur, sem býr í sama húsi og
yfirheyrdi á Laugavegi. Yfirh.
segist hafa verid med öllu ódrukk-
inn þann dag, ekki hafa bragdad
vín. Yfirh. ímyndar sjer ad klukk-
an hafi verid um 12 eda á 12.
tímanum þegar hann gekk út
og kom heim aptur. Yfirh. gekk
med þessu fólki, er hann hefur
nefnt, inn Laugaveg, stadnæmd-
ist þó vid brúna, er liggur yfir
Raudarárlækinn og horfdu þadan

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á eldinn, svo gekk yfirh. upp í
holtið fyrir ofan skúrana við Rauð-
arárstíg til þarfinda sinna og fór
svo heim aftur. Hann neitar því, að
hann hafi farið lengra inn eftir
veginum, eða að hann hafi verið á
fótum eða á ferli úti eftir það að
hann fór heim og skildi við nefnd
fólk. Hann segist aldrei hafa komið
að Marconistönginni, hvorki fyr
nje síðar, og niður að Iðunnar-
verksmiðjunni segist hann ekki hafa
komið síðan í fyrra. Þjóðhátíðar-
daginn segist yfirh. hafa verið að
smíða í smiðju sinni allan fyrri
hluta dags til kl. 2, þá hafi hann
farið inn til sín, verið heima all-
an síðari hluta dagsins og ekkert
farið út fyr en um kvöldið eða nótt-
ina, eins og hann hefur áður skýrt
frá. Hann segir að konan sín hafi
verið heima allan daginn og ekki
farið neitt á hátíðina, en börn-
in hafi farið þangað og verið
þar lengur eða skemur um dag-
inn. Yfirh. segist hafa verið með
gráa kollhúfu (sixpence) þegar hann
fór út þjóðhátíðarkvöldið, svartan

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hatt regið hann eiga, en engan annan hatt, og ekki sett hann upp síðan móðir hans var jörðuð í aprílmánuði. – Upplesið.

Með því að framburður yfirheyrða kom eigi heim við aðra vitnisburði, er fram eru komnir við þessa rannsókn, ákvað dómarinn að hafa hann í haldi fyrst um sinn til morguns og var yfirheyrður því látinn í gæsluvarðhald. Rannsókninni frestað.

+ + +

Rjetti slitið.
Halldór Danielsson

Vottar:
Halldór Stefánsson
Jónas Jónatan.

Ár 1906, þ. 13. ágúst kl. 4. síðd. var lögreglurjettur Reykjavíkur settur í bæjarþingstofunni og haldinn af bæjarfógeta Halldóri Daníelssyni með vottunum Halldóri Stefánssyni og Ólafi Jónssyni. Þá var

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

haldið áfram rann-
sókn út af bruna klæð-
averksmiðjunnar „Ið-
unn“.

Í rjettinum mætti sem vitni Guð-
mundur Helgason, 36 ára að aldri,
til heimilis Grettisg. 43, fyrver-
andi verkamaður við verksmiðj-
una „Iðunn“ og var áminnt-
ur um sannsögli. Vitnið skýr-
ir frá, að það hafi ekki komið
í verksmiðjuna, eða að henni
þjóðhátíðardaginn og veit ekki til,
að neinn annar af vinnufólki
verksmiðjunnar hafi komið þang-
að þann dag nema Sigurður Árna-
son og Helgi Árnason. Vitnið
háttaði og sofnaði um kvöldið kl.
9½ og vaknaði ekki fyr en við lúðra-
ganginn, þegar vart varð við brun-
ann. Kvöldið áður fór vitnið úr
verksmiðjunni ásamt öðru verka-
fólki á venjulegum tíma kl. 6 og
sagði verksmiðjustjórinn þeim, að
þeir skyldu hafa frí daginn eptir.
Vitnið vann mest í þvottastofunni
við þóf, og litun og þess konar. Vitn-
inu er ekki kunnugt um eldar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

byrgðar verksmiðjunnar, er ~~það~~ þær muni
hafa verið geymdar á loptinu í
vesturenda hússins og vitnið veit
ekki hvort nokkuð af ullinni hafi
legið niðri í spunastofunni hjá
spunavjelunum og því er ekki kunn-
ugt um, að geymdar hafi verið í verk-
smiðjunni byrgðar af neinum efn-
um, hvorki ull nje öðru, ~~sem~~ er
kviknað gæti í af sjálfu sjer. Ann-
ars er vitninu ekkert kunnugt um
upptök eldsins og hefur ekki heyrt
neitt, er gæti verið til upplýsingar
í því efni. Vitnið kom á bruna-
stöðvarinnar kl. rúml. 12 og þá
var eldurinn farinn að gjósa upp
um þakið og gluggana á miðju
húsinu sunnanverðu. Uppl. staðf.
Vjek frá rjetti.

Í rjettinum mætti sem vitni
Valdimar Loptsson, 34 ára að aldri;
til heimilis Vitastíg 14, fyrv. verka-
maður í „Iðunni“ og var áminnt-
ur um sannsögli. Vitnið skýrir
frá að það hafi ekki komið í verk-
smiðjuna, eða að henni þjóðhátíð-
ardaginn, segist hafa verið heima
allan daginn, nema stund úr

morguninn, er það fór á kappreið-
arnar og vitnið veit ekki, hvort nokk-
ur annar af verkafólkinu hafi
komið þangað niðureptir þann dag.
Vitnið háttaði kl. 9½ um kvöld-
ið, en vaknaði við lúðrablástur-
inn nál. kl. 11½ og fór þá strax
niður að verksmiðjunni; þá stóð
bálið mest upp úr skrifstofunni
í sunnanverðu húsinu miðju. Vitn-
ið var við spunavjelarnar í vestri
hluta hússins; þar í stofunni, sem
spunavjelarnar voru og kembingar-
vjelarnar, lágu nokkrir pokar í horn-
inu næst skrifstofunni með úr-
gangsull í; voru þeir ekki fleiri en
10 og 5-10 pund af ull í hverjum;
lá ullin laus í pokunum ótroðin
og þannig frá gengið, að ómögulegt
var, að hitnað gæti í ullinni, því
þrýstingurinn var enginn, enda
voru pokarnir hreifðir með því dag-
lega og vitnið man ekki betur en
það færði þá eitthvað til kvöldið
áður en brann. Þetta var þar í
tveimur pokunum hrati, sem gengið
hafði úr ullinni og sópað hafði
verið saman undan vjelunum sjer-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stadd. kembingarvjelinni á miðvikudagskvöldið, þessir pakkar lágu skamt frá ullarpokunum og vitnið segir að þessi ullarúrgangur auðvitað hafi verið eldfimur, en alls ómögulegt, að eldur hafi komið í það við sjálfskveikju. Vitnið veit ekki til að neitt efni hafi verið geymd í verksmiðjunni, er kviknað geti í sjálfkrafa. Með eld eða ljós var ekki farið í verksmiðjuna síðan í ver, að hætt var að kveikja. Vitnið veit ekkert um upptök eldsins og hefur ekki heyrt neitt, er geti veitt upplýsingar um það. Uppl. staðf. Vjek frá rjetti.

Í rjettinum mætti sem vitni Bergþóra Bergþórsdóttir, 46 ára að aldri, til heimilis Frakkastíg 12, áður við vinnu í verksmiðjunni „Iðunni" og var áminnt um sannsögli. Vitnið skýrir frá, að það hafi ekki komið inn í eða að verksmiðjunni þjóðhátíðardaginn og viti ekki til þess, að neinn annar af vinnufólki verksmiðjunnar hafi komið þar þann dag. Vitnið fór úr verksmiðjunni á venj-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ulegum kinna kl. 6. - Hún var uppi
á Landakotstúni þegar eldsins varð
vart og fór þá inn eptir þangað á-
samt öðrum fleiri og var þá log-
inn kominn upp úr verksmiðju-
húsinu, mest í miðjunni að sunn-
anverðu. Vitnið segir að eitthvað lít-
ilsháttar af ull hafi legið þar í
smápokum í spuna- og kembingar-
deildinni þar sem hún vann. Það
varu afgangar úr vjelunum af þeirri
ull, er tekin var fyrir til vinnu
í hvert skipti, sem lítur í hverj-
um poka; það var ekki nema
lítið í hverjum poka og ekki bred-
ið í þá. Vitnið segir, að það sje
ómögulegt, að kviknað hafi í þess-
um pokum af sjálfu sjer. Vitnið
segir að það hafi verið sópað und-
an vjelunum miðvikudagskvöldið,
en hvað við það hafi verið gjört
veit það ekki, en venjulega var það
borið upp á lopt. Vitnið veit ekk-
ert um upptök eldsins og hefur
ekkert heyrt þar að lútandi. —
Uppl. staðf. Vjek frá rjetti.

Í rjettinum mætti sem vitni
Gísli Jónsson, fyrv. verkamaður í „Ið-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

unni", 41 árs að aldri, til heimilis
Laugav. 50 og var áminnt um
sannsögli. Vitnið ber það fram, að
það hafi komið niður að verk-
smiðjunni 2. þ.m. kl. 9 um morg-
uninn til að skila þangað hand-
vagni, sem Helgi Árnason hafði
léð vitninu. Vitnið stóð þar ekk-
ert við og varð ekki var við neinn
mann þar. Það veit ekki til að
neinn annar af verkafólkinu hafi
komið þar niður eftir þann dag.
Vitnið vaknaði við það kl. nál. 12
þegar blásið var í brunalúðrana
og fór ofan í brunaliðsvarnar,
þá var eldur kominn í húsið
frá miðjunni og vestur úr. Vitn-
ið vann í vefnaðardeildinni aust-
an við skrifstofuna; þar voru
engin eldfim efni geymd og vitnið
veit ekki til að neitt af slíkum
efnum hafi verið í verksmiðj-
unni; sýrur, sem notaðar voru til
litunar voru allar ~~notaðar~~ geymdar
í vjelahúsinu, sem ekki brann.
Vitnið var ekki kunnugt í spuna-
og kembingardeildinni; en hygg-
ur þó að þar hafi engin ull

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

verið geymd, eða látin liggja nema einhverjir afgangar af þeirri ull, sem unnið var úr. Með eld eða ljós var ekki farið í verksmiðjunni síðan hætt var að kveikja í ver. Vitnið veit ekki og hefur ekki heyrt neitt um, hvernig eldurinn muni hafa komið upp. Uppl. stadf. Vjek frá rjetti.

Í rjettinum mætti sem vitni Þorsteinn Þorsteinsson, fyrv. verkmaður í verksmiðjunni „Iðunni“, 56 ára að aldri, til heimilis Hverfisg. 23 og var áminntur um sannsögli. Vitnið ber fram svolhljóðandi skýrslu: Það kom ekki í verksmiðjuna eða að henni sjóð[?]bátsdagana, var allan daginn í sjóðbátnum, nema stund um miðjan daginn er það fór heim að borða. Þegar eldsins varð vart um kvöldið var vitnið uppi á sjóðbátadarmadinum í Landakotstúninu og fór þá með öðrum niður á brunastöðvarnar, en varð með þeim seinustu af því að vitnið er seint til gangs. Þá var verksmiðjan að miklu leyti brunnin og komin

að því að falla. Vitnið vann við tætingarvjelina í verksmiðjunni, en sú vjel er í suðurenda vjela-hússins, sem ekki brann. Vitnið veit ekki til að neitt hafi verið af eldfimum efnum í verksmiðj-unni, eða slíkum efnum, er kviknað geti í sjálfkrafa. Vitnið veit ekki og hefur ekki heyrt neitt um hvernig á upp-tökum eldsins stendur og get-ur ekki neitt um það borið. Uppl. staðf. Vjek frá rjetti.

Rannsókninni frestað.

Rjetti slitið.

Halldór Daníelsson

Vottar:

Halldór Stefánsson

Ólafur Jónsson.

Ár 1906 þ. 14. ágúst var lögreglurjettur Reykjavíkur settur í bæjarþingsstofunni og hald-inn af bæjarfógeta Halldóri Daníelssyni með vottum Hall-dóri Stefánssyni og Jónasi Jón-assyni. Þá var

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

haldid áfram rannsókn-
inni útaf bruna á klæd-
averksmidjunni. Id-
unni 2. þ. m.

Mætti í rjettinum ad tilhlutun dómarans vitnid Jes Zimsen og ber hann undir eidstilbodi; ad þad standi ad öllu leyti fast vid fyrri framburd sinn, þar á medal sjerstakl. þad, ad þeir Petersen ingenieur, Bertelsen verkstj. og vitnid hafi mætt Samúel Gudmundssyni brunalidsins undir no. 2 á þjóðveginum fyrir innan „Mjölni“ eda nálægt húsi Brynjólfs Jónssonar og vitnid er í engum vafa um, ad þad var Samúel og enginn annar. Hvort Samúel hafi komid innan þjóðveginn lengra, eda nedan spítala-veginn eda úr holtunum þar í kring, veit vitnid ekki, því þad sá fyrst Samúel á leyti þetta sumar á veginum. — Uppl. stadf.

Mætti í rjettinum vitnid Petersen ingenieur. Vitnid ítrekar fyrri skýrslu sína um ad þeir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Zimsen konsúll, Bertelsen verkstj.
og vitnið hafi mætt Samúel Guð-
mundssyni á þjóðveginum fyr-
ir austan „Mjölni". Vitnið sá
Samúel fyrst á þjóðveginum og
veit ekki hvort hann hefur hald-
ið lengra inn á veginn eða
úr holtunum eða mýrunum
þar í kring. Hann gekk veginn
beint inn í bæinn og inn í hús-
ið N° 27 við Laugaveg, svo vitn-
ið ekki að hann færi neitt út
af veginum. Vitnið þekkti Sam-
úel í sjón, þó það væri ~~og~~ ekki
nafn hans þá um nóttina, það
hafði komið til hans áður í
smiðju hans við Laugaveg. Vitn-
ið segir að klukkan hafi sjálf-
sagt verið farin að ganga ~~[illegible]~~ 2
er þeir mættu Samúel, en hve
mikið getur vitnið ekki sagt
nákvæml. — Uppl. staðf.

Mætti í rjettinum Samúel
Guðmundsson járnsm. og var
áminntur um sannsögli. Hann
stendur fast á því, að hann hafi
ekki farið lengra inn eftir Laug-
aveginum heldur en ~~fyr~~ inn fyr-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ir Raudarárbrúna í nánd við hús Stefáns B. Jónssonar nálægt þá. sem „Iðunn“ braun, en neitar því að hafa farið lengra inn eptir veginum eða mætt þar fyrir innan „Mjölni“ áður nefndum mönnum. Honum voru gjörðir kunnir vitnisburðir ~~þess~~ þeirra og stendur hann samt sem áður fast við framburð sinn. Hann segist hafa farið á fætur þegar blásið var í lúðrana og verið fáar mínútur meðan hann drakk kaffi og svo gengið inn veginn eins og hann hefur áður sagt. — Uppl. stadf.

Vitnin Jes Zimsen og A. L. Petersen ítrekuðu vitnisburð sinn í áheyrn yfirheyrða, en hann ítrekar það samt, að hann muni ekkert til þess að hann hafi gengið inn eptir Laugaveginum eða mætt þar neinum mönnum fyrir innan „Mjölni“ þess nótt. Vitnin viku frá rjetti og yfirheyrði einnig.

Mætti í rjettinum sem vitni konan Salvör Guðmundsdóttir, kona Gunnars Gunnarssonar kaup-

munds, 43 ára að aldri til heim-
ili Ingólfsstr. 4. Vitnið skýrir
frá, að hún hafi verið uppi á
Landakotstúni þjóðhátíðarkvöldið
og farið heim til sín áður en
vart varð við eld í „Iðunni";
hún heyrði það ekki fyr en hún
kom upp í Bankastræti af dreng-
jum, sem komu austan úr bæ, að
eldur væri kominn upp í „Ið-
unni". Hún gekk svo heim til
sín og ætlaði að vekja mann sinn,
ef hann væri sofnaður, en húsið
var þá lokað og enginn heima,
gekk hún svo með dreng sínum
7 ára gömlum og vinnukonu
Kristínu Guðmundsdóttur inn
Laugaveg og þar hitti hún Sam-
úel járnsm. Guðmundsson ná-
lægt húsi Arinbjarnar Svein-
bjarnarsonar, kom hann, að sjá,
heimanað frá sér vestan stíg-
inn, gengu þau svo inn veg-
inn og niður stíginn sem er
fyrir austan „Iðunni" og fylgd-
ist Samúel með; þar var marg-
fólk fyrir og veit vitnið ekki
hvað varð af Samúel úr því.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hann talaði ekki við vitnið á leið-
inni, svo hann muni, annað en
það, að hann hafði orð á því, að
það væri ljótt að sjá þennan bruna.
Þetta segir vitnið að hafi verið
um kl. 12, því slökkviliðið var
þá að drífa að brunastaðnum.
Uppl. staðf. Vjek frá rjetti.
Mætti í rjettinum Samúel Guð-
mundsson og var áminntur um
sannsögli. Hann segist ómögulega
geta munað neitt til þess, að hann
hafi farið lengra inn eptir Lauga-
veginum heldur en hann hefur
áður skýrt frá; en hins vegar
þykir honum ólíklegt, að vitnin,
sem hann veit eru vandaðir menn,
mundu bera það fyrir rjettinum,
ef það væri ekki satt að þeir hefðu
mætt honum á þeim stað, sem
þeir hafa tilgreint. Það geti því
verið að framburður þeirra sje rjett-
ur þó hann hafi ekkert minni
til þess og hann getur þess, að hann
sje orðinn mjög minnislítill og
opt ruglaður í höfðinu, sem geti
verið afleiðing af ákaflegum drykk-
juskap hans áður fyrrum, þó hann

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

segist ekki hafa bragðað vín í all-
an vetur og sumar þangað til
á fyrra sunnudag. Hafi hann
gengið lengra inn eptir veginum
segist hann muni hafa gjört það
til að fá sjer frískt lopt því
hann hafi verið heima allan dag-
inn og sofið meiri hluta eptir-
miðdagsins. Uppl. staðf.
Rannsókninni frestað.

Rjetti slitið
Halldór Daníelsson

Vottar:
Halldór Stefánsson
Jónas Jónasson.

Ár 1906, 14. ágúst var lög-
reglurjettur Reykjavíkur settur á
bæjarþingsstofunni og haldinn af
hinum reglulega dómara Hall-
dóri Daníelssyni með vottunum
Þ. Björnssyni og Ólafi Jónssyni.
Var þá tekið fyrir

Að halda áfram rann-
sókninni með á man-
an.

Mætti að tilhlutun dómarans

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Anna Guðmundsdóttir, kona Sam-
iels járnsmiðs Guðmundssonar og
var ítarlega áminnt um sann-
sögli. Skýrir hún frá á þessa leið:
Þjóðhátíðardaginn var yfirh. heima
fyrri hluta dagsins og var Samúel
maður hennar líka ýmist heima
þá, eða í smiðju, sem hann hefur
hjá Jóni (~~Bjarnason~~ Felix)syni. Yfirh. segir
hann hafi komið heim með hitt;
sem hann hafi verið að gjöra við
og ráðið af því, að hann hafi verið
í smiðju. Um miðjan daginn fór
yfirh. uppá Þjóðhátíð og var Samú-
el farinn út skömmu á undan.
Hún var skamma stund á Þjóðhá-
tíðinni og kom svo heim aptur og
varð þá ekki vör við Samúel. Svo
fór hún, eptir nokkra stund aptur
upp á Þjóðhátíð og kom þaðan
aptur klukkan að ganga níu. Þá
heyrði hún, að Samúel var uppi
í lopti hjá Guðrúnu Jónsdóttur,
sem þar býr. Hún varð ekki vör
við að Samúel færi neitt út
um kvöldið eða nóttina. Yfirh.
háttaði skömmu áður en vart
varð við brunann, því hún var

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ekki sofnað þegar farið var að þeyta lúðrana. Samúel, sem sefur í sama herbergi sem yfirlk. var þá ekki háttaður og hyggur yfirlk. að hann hafi alltaf verið uppi á lopti hjá Guðrúnu. Yfirlk. fór á fætur þegar hún heyrði ~~í~~ til brunalúðranna og fór niður á brunastaðinn. Þá var Samúel ekki háttaður. En þegar yfirlk. eptir stutta stund kom heim aptur, var Samúel sofnaður í rúmi sínu. Yfirlk. fór svo aptur niður að brunanum og var þar lengur í það skiptið og var bruninn að mestu leyti lokið og flest fólk farið frá honum, þegar hún fór heim. Samúel var sofnaður í rúminu og veit yfirlk. ekki til, að hann hafi farið neitt út meðan hún var burtu. — Uppl. staðf. Vjek frá rjetti.

Mætti sem vitni Guðrún Jóns-dóttir húskona til heimilis 27 Laugaveg, 50 ára að aldri og var áminnt um sannsögli. Vitnið skýrir frá: að hún hafi verið heima að öðru hvoru þjótbátið-

ardaginn og ad ödru leyti á bátid-
inu á Landakotstúni; en um kl.
8 um kvöldid kom hún alfarin
heim og fór ekki út eptir þad
fyr en brunalúdrarnir heyrdust.
Þegar hún kom heim kl. 8 stód
Samúel Gudmundsson vid hlidid
á girdingunni vid húsid, ~~og~~ tal-
adist þau þar vid eitthvad og
baud vitnid honum upp til sín
uppá kaffi. Hann fór svo upp med
vitninu, drakk kaffi og sat hjá
henni alllengi. Svo kom Vilborg
Gudnadóttir, ekkjan, sem býr á
loptinu í vesturenda hússins, inn
til þeirra og baud þeim uppá kaffi
inni hjá sjer; fóru þau med henni
og drukku kaffi og sátu inni hjá
Vilborgu þangad til þau heyrdu
brunakallid, þá fór vitnid nidur á
brunastadinn og veit ekki hvad
vard af Samúel úr því; en frá því
kl. 8 og þangad til, var vitnid stöd-
ugt med Samúel, misti aldrei
sjónar á honum og getur fullyrt,
ad hann fór ekkert út á því tíma-
bili. Þetta kvadst vitnid geta stad-
fest med eidi hvenær sem krafist

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

verði. Hvar Samúel hafi verið um daginn, veit vitnið ekki glöggt, en hyggur hann hafi verið ~~[illegible]~~ við smiðar og stundum heima; hún sá hann um miðjan daginn gegnum gluggann á eldhúsinu og var hann þá að borða. Optar man vitnið ekki að hún sæi hann um daginn, en um morguninn, þegar hún fór fyrst upp á þjóðhátíð-ina, heyrði hún til hans í eld-húsinu. Uppl. staðf. Vjek frá rjetti.

Mætti Samúel járnsmiður Guðmundsson og var áminntur um sannsögli. Hann heldur því fram, að hann hafi ekkert farið frá húsinu, sem hann býr í seinni hluta þjóðhátíðardagsins og ekkert fyrri hlutann nema í smiðjunni hjá Jóni Felixsyni. Síðari hluta dagsins segist hann hafa sofið af og til og verið úti í kring um húsið að öðru hverju. Um kvöldið segist hann hafa farið upp á loptið til Guðrúnar Jónsdóttur og Vilborgar Guðmundsdóttur og drukkið kaffi hjá þeim, fyrst hjá Guðrúnu; hann veit ekki hvað ha-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

var þegar hann fór inn til Guð-
rúnar, en hann segist ekki hafa ver-
ið lengi inni hjá henni; þau fóru
svo yfir um til Vilborgar og voru
þar, þegar brunaköllið heyrðist. Þá
segist yfirh. hafa farið inn Lauga-
veg, eins og hann hefur áður skýrt
frá. — Uppl. staðf.

Eptir málavöxtum áleit dóm-
arinn ekki næga ástæðu til að hafa
yfirh. lengur í haldi og veitti hon-
um heimfararleyfi.

Rannsókninni lokið.

Rjetti slitið

Halldór Daníelsson.

Þ. Björnsson

Ólafur Jónsson.

Rjett útskrift staðfestir

Halldór Daníelsson

Ritlaun Kr. 6,75

— sex krónur sjötíu og fimm aura —

H. D.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur